

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið
bt. Jóns Þróns Stefánssonar
Skúlagötu 1
101 Reykjavík

Fjallabyggð, 8. desember 2020.
Málsnr. 2009034 / EP

Efni : Sérreglur Fjallabyggðar vegna byggðakvóta fiskveiðisins 2020/2021


Með vísan til 2. gr. reglugerðar 728/2020 frá 21 júlí 2020 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2020/2021 er þess hér með farið á leit að ráðherra heimili sérreglur vegna sérstakra skilyrða fyrir úthlutun byggðakvóta í Fjallabyggð.

Á 677. fundi bæjarráðs þann 8. desember 2020 var eftirfarandi fært til bókar.

Bæjarráð samþykkir að fara þess á leit við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið að eftirfarandi sérreglur verði settar í reglugerð 728/2020.

- a) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðisárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020, **þó að hámarki 80.000 þorskígildiskíló á bát.**
- c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

Rök sveitarfélagsins fyrir ofangreindum breytingum eru að breyting úr byggðalagi í sveitarfélag tryggi betur aðgengi fiskverkenda að hráefni sem og möguleika



útgerðaraðila til að eiga viðskipti. Breyting er varðar hámark úthlutaðs aflamarks eykur möguleika smærri útgerðaraðila á að efla sig og sína útgerð. Báðar breytingar eru til þess ætlaðar að auka við atvinnustarfsemi og efla fyrirtæki af ýmsum stærðum og þannig stuðla að byggðafestu.

Virðingarfyllst.

Elías Pétursson
bæjarstjóri